

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/926
komudagur 3.2.2004



2.febrúar 2004

Efni: Umsögn SVP um stjórnarfrumvarp um ársreikninga, EES -reglur

SVP-Samtök verslunar og þjónustu hafa yfirfarið þetta frumvarp til laga um ársreikninga, 427. mál, matsreglur 130 löggjafarþings.

Reifun máls

Frumvarpið gengur í meginatriðum út á að laga ársreikninga hér á landi að þeim ársreikningum sem gerðir eru innan ESB í samræmi við lög sem um þá gilda á því svæði. Þessi viðmiðunarlöggjöf tók gildi innan ESB árið 2001 og var síðan felld inn í EES-samninginn ári síðar. Það frumvarp sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir að gildistími hefjist 1.janúar 2004 og taki til ársreikninga og samstæðureikninga fyrir reikningsár sem hefjast eftir þann tíma.

Umsögn

SVP – Samtök verslunar og þjónustu eru meðmælt samþykkt þessa frumvarps og telja jákvæðar breytingar felast í því.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri